



KENNARASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Reykjavík 13. 03. 2020

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030

Kennarasamband Íslands (KÍ) fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030 og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við þingsályktunartillöguna sem nú liggur fyrir. Það er grundvallaratriði að til staðar sé skýr menntastefna sem sátt er um í samfélaginu og að henni sé framfylgt með kerfisbundnum hætti.

KÍ lýsir ánægju sinni með fróman tilgang og meginmarkmið menntastefnunnar um að móta framúrskarandi menntakerfi. Þá er í stefnunni dregið fram að kennarar og skólastjórnendur séu í lykilhlutverki við framkvæmd nýrrar menntastefnu og undir það tekur KÍ heilshugar. Þá telur KÍ mikilvægt að draga fram að allir hafi jöfn tækifæri til menntunar, að allt námsumhverfi, námskrá og námsmat styðji við hæfni framtíðar og að ábyrgð á skólastarfi og gæðum þess verði skýrð. Ennfremur telur KÍ mjög gott að áhersla verður lögð á samábyrgð og samvinnu mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfis á öllum skólastigum. KÍ telur mikilvægt að móta samræmd viðmið um þjónustu við nemendur og skóla á landsvísu þar sem meðal annars er hugað að skilgreiningu á samræmdum þjónustusvæðum vegna málefna barna á öllum sviðum. Heildstæð skólaþjónusta sem nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla með áherslu á þrepaskiptan stuðning við nemendur verði í algerum forgrunni við mótun nýrrar menntastefnu.

Meginatriði í menntastefnu þessari ríma vel við Skólastefnu KÍ frá síðasta þingi þess árið 2018 sem skrifuð var undir yfirskriftinni: Menntun er mannréttindi og fjallar um mikilvægi faglegrar forystu skólafólks, menntun við hæfi allra nemenda, mikilvægi faglegrar forystu skólastjórnenda og samstarf skóla og heimila um nám barna. Stefnuna má nálgast á heimasíðu KÍ (eða [hér](#)).

Hér á eftir verða dregin fram það meginatriði sem KÍ gerir athugasemd við og telur að þurfi að kveða skýrar á um í stefnunni.

Framkvæmdar- og aðgerðaráætlun

Eins og áður sagði þá tekur KÍ undir meginmarkmið stefnunnar. Hvernig koma á stefnunni til framkvæmda kemur þó ekki fram með afgerandi hætti og er stefnan því



KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

starfsumhverfi þeirra. Tryggja þarf leikskólakennurum aukinn skilgreindan tíma til undirbúnings, samstarfs, símenntunar og starfsþróunar á vinnutíma. Nú þegar eru uppi vísbendingar um að leikskólakennurum fækki mjög hratt og ástæður þess megi meðal annars rekja beint til starfsumhverfis. Einnig eru teikn á lofti um að ný lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 hafi síst verið til að fjölga leikskólakennurum. KÍ telur því nauðsynlegt að bætt starfsumhverfi í leikskólum verði forgangsmál. Til að auka gæði náms og draga úr streitu á bæði börn og starfsfólk í leikskólum er einnig mikilvægt að minnka hópastærðir. Með því að bæta starfsskilyrði ætti að draga úr álagi; veikindadögum að fækka og að sama skapi ætti langvarandi fjarvera og brotthvarf starfsfólks að minnka í leikskólunum.

2. Svigrúm til starfsþróunar og símenntunar

Gott er að í stefnunni komi fram að lögfesta þurfi hlutverk kennaramenntunarstofnana í starfsþróun kennara og skólastjórnenda en jafnframt er nauðsynlegt að fjalla um starfsþróun kennara með skuldbindandi hætti og að hún teljist til lögbundinna verkefna. Tími eða rúm til starfsþróunar hefur ekki aukist þrátt fyrir ótalmörg ný viðfangsefni. Það er álit KÍ í að í opinberri menntastefnu eigi að fjalla um þetta.

Til þess að bregðast við nýjum og auknum faglegum kröfum til kennara þarf aðgerðir. Miklu skiptir að kennarar hafi hvort tveggja svigrúm fyrir einstaklingsbundna starfsþróun sem þeir öðlast með símenntun sinni og með faglegu sjálfstæði. Það kemur þó ekki veg fyrir að á starfstíma skólanna þurfa þeir líka rými til að sinna fjölbreytilegri starfs- og skólaþróun sem fléttast saman við þróun skólakerfisins og mótun menntastefnu þjóðarinnar. Kennarar og skólastjórnendur þurfa rými til stöðugar skólaþróunar í þágu umbóta í menntakerfinu. Þá er knýjandi að til þess að skólastjórnendur fái aukinn stuðning til að þeir geti verið í leiðandi hlutverki í lærdómssamfélagi. Sá stuðningur þyrfti að koma fram með afdráttarlausum hætti í stefnunni.

3. Fagleg forysta kennara og stjórnenda

Í nýrri menntastefnu er mikið lagt upp úr framúrskarandi kennslu og stjórnun menntastofnana af öllum toga og eins er lagt upp úr að kennarastarfið verði eftirsóknarvert og njóti virðingar. Frá því að lög um leik-, grunn-, og framhaldsskóla voru sett árið 2008 hefur opinber umgjörð um störf kennara lítið breyst þó fjölmörg ný viðfangsefni hafi gert störf bæði kennara og skólastjórnenda fjölbættari en áður. Þau krefjast nú t.d. fjölbreyttari



KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Listgreinakennsla ætti að vera í lykilhlutverki í öllu skólastarfi og áhersla á listgreinar ætti að koma fram með afgerandi hætti í opinberri menntastefnu. Mjög mikilvægt er að efla kynningar á starfs- og tækninámi og láta þær hefjast fyrr á skólaferli nemenda. Kí tekur undir að brýnt er að bæta umgjörð um vinnustaðanám og starfsþjálfun til þess að stuðla að samfellu og framvindu í námi starfsnámsnema og vill sérstaklega benda á að mikilvægt er að endurskoða tilhögun starfs- og tæknináms frá grunni. Ekki má setja upp hindranir milli þeirra nemenda sem stunda vinnustaðanám og nám í skólum. Þeir þurfa að geta stundað samfellt nám. Eins er mikilvægt að á námstíma rofni ekki tengsl nemenda við skólasamfélagið meðan á vinnustaðanámi stendur og það sé skipulagt sem hluti af náminu og verði eðlilegur hluti af námi nemenda.

7. Menntarannsóknir

Kí styður það álit sem kemur fram í tillögunni að öflugt rannsóknarstarf sé forsenda gæðastarfs á öllum skólastigum og menntarannsóknir menntarannsóknir séu nauðsynlegar til umbóta í skólastarfi og stefnumótun. Kí bendir hins vegar á að á hvern hátt rannsóknir eru hagnýttar í þágu menntunar er lykilatriði. Kí telur gríðarlega mikilvægt að stökkva ekki til í kjölfar alþjóðlegra kannana og setja af stað átök í lestri, stærðfræði eða hverju sem er. Vænlegra til árangurs er að nýta menntarannsóknir á hagnýtan hátt og setja fram eða ígrundaðar stefnur sem tengjast skólaþróun inn í skólunum sjálfum en ekki með valdboðum og stefnubreytingum að ofan.

C. Námskrá, námsumhverfi og námsmat styðji við hæfni til framtíðar

Kí tekur undir meginmarkmið þessa kafla að námskrár, námsumhverfi og námsmat styðji við hæfni til framtíðar. Eins er Kí sammála því að áhersla sé lögð á félagsfærni og stutt betur við samfélagsvitund og stutt betur við skólagöngu allra nemenda, barna, ungmenna og fullorðinna en bendir á að mikilvægt er að þessi markmið endurspeglist með afdráttarlausum hætti í aðalnámskrám, námsefni og rými til þróunarstarfs á öllum skólastigum. Að lokum bendir Kí að stefnan ætti einnig að draga fram mikilvægi þess að sjálfbærri þróun sé gert hátt undir höfði í skólakerfinu á svipaðan hátt og kemur fram í heimsmarkmiði 4.7. og ýtt undir sjálfbæra þróun með menntun sem eflir sjálfbæra þróun. Kí lítur svo á að eitt að mikilvægustu hlutverkum menntunar nú sé að takast á við umhverfisbreytingar af völdum manna og neikvæðum áhrifum hennar og því sé mjög mikilvægt að hugað sé að þessum þætti í opinberri menntastefnu.

Auk þess vill Kí benda á eftirfarandi í tengslum við þennan kafla:



KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Auk þess vill KÍ undirstrika að sterkt menntakerfi er sameiginlegt verkefni alls samfélagsins og mikilvægt er að lögð sé áhersla á mikilvægi fagfólksins sem starfar í skólunum. Það á að leiði skólastarf, hafa áhrif á allar umbætur og við það á að hafa samráð og samvinnu við breytingar á menntakerfinu.

Að lokum lýsir Kennarasamband Íslands sig reiðubúið til að koma á fund ráðuneytisins til að gera grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi stefnuna og áskilja sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum við stefnuna þegar hún verður til meðferðar á Alþingi.

Reykjavík. 13.3. 2020

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands

Anna María Gunnarsdóttir
varaformatur KÍ